

Fundargerð stjórnar

77. fundur stjórnar Brunavarna Árnassýslu (BÁ) haldinn þriðjudaginn 3. október, 2006 að Eyravegi 2, Selfossi. (Hótel Selfoss)

Mættir:

Einar G. Njálsson, formaður, Gunnar Þorgeirsson og Snæbjörn
Sigurðsson.

Einnig mætti á fundinn: Kristján Einarsson, slökkviliðsstjóri

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 11.30

1. Húsnæðismál slökkviliðs (Björgunarmiðstöðin). Fyrir fundinum liggur greinargerð Barkar Brynjarssyni um það flatarmál húsnæðis sem BÁ fær til afnota í tilvonandi björgunarmiðstöð dags 8 sept. 2006. Heildarflatarmál húsnæðisins fyrir utan sameiginlegt rými er 1010 m². Sameiginlegt svæði er 125 m² eftir er að ganga frá hlutdeild hvers leigjanda fyrir sig í því húsnæði. Stjórn samþykkir að ganga til samninga og útfærslu á þessu flatarmáli fyrir starfsemi BÁ við Björgunarfélagið á grundvelli viljayfirlýsingar dagsett 28 júní 2006 samanber bókun stjórnar BÁ frá 5 sept. 2006.

Í fundargerð 13. fundar undirbúningshóps BÁ upplýsti Borkur að Björgunarfélagið hygðist leigja hluta húsnæðis tilvonandi björgunarmiðstöðvar undir óskilda starfsemi. Stjórn BÁ telur það ekki samræmast þeim hugmyndum sem lagt var upp með í upphafi framkvæmda að óskyld starfsemi einkaaðila verði í húsinu.

Kristján greindi frá kynningarfundum með slökkviliðsmönnum sem haldinn var í gærkvöldi en þar var nýtt skipulag á innviðum hússins kynnt. Kristján sagði að slökkviliðsmenn hefðu lýst ánægju með störf undirbúningshóps slökkviliðsins en nokkur hluti fundarmanna taldi að önnur húsgærd væri hentugri fyrir starfsemi BÁ, einnig höfðu fundarmenn áhyggjur af útfærslu akstursleiða til og frá húsinu.

Þar sem þetta er síðasti fundur þessarar stjórnar þakkaði formaður stjórnarmönnum og slökkviliðsstjóra og öðrum starfsmönnum fyrir samstarfið á liðnu kjörtímabili, aðrir stjórnarmenn tóku undir kveðjur formanns og þökkðu formanni fyrir ánægjulegt samstarf.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 13.45

Einar Njálsson Gunnar Þorgeirsson Snæbjörn Sigurðsson